

Lúkas Núi Ólafsson

4. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrlar: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

F: Þá ætla ég að byrja á að biðja þig um að kynna þig fyrst og segja hvað þú gerir.

Ég heiti Lúkas Núi Ólafsson. Ég er sautján ára. Ég er nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Já.

F: Næs þetta var nákvæmlega það sem við þurftum. Þarna sautján ára, manstu þegar þú fórst fyrst í Gleðigöngu eða sást Gleðigönguna fyrst?

Ég, nei ég man ekki hvenær ég sá Gleðigönguna fyrst en ég hef farið í hana frá því ég man eftir mér, en nei ég get ekki sagt aldur eða svoleiðis. Ég man ekki alveg hvenær það var fyrst en ég bara man eftir henni.

F: Alltaf.

Alltaf.

F: Þarna hvað er það við Gleðigönguna sem að gerir hana skemmtilega.

Það sem gerir Gleðigönguna skemmtilega er bara allt. Fólkið, sjá hversu glatt fólkið er að fá að fagna sér þennan eina dag einhvern veginn svona, ég veit það ekki. Það er svo mikil ást einhvern veginn og kærleikur í loftinu. Það er svo fallegt að fylgjast með því.

F: Hefurðu gengið einhvern tímann? Hefurðu tekið þátt í atriði?

Já síðustu þrjú ár hef ég gengið í göngunni með Amnesty International og já verið á palli í hvað tvö skipti held ég og svo hérna varð bíllinn rafmagnslaus af því að við byrjuðum að spila tónlist allt of snemma þannig að við þurftum að labba í eitt skiptið en það var alveg jafn gaman (*hlær*).

F: Amnesty er nú ekki hérna er nú ekki hinsegin félag.

Nei en það er mannréttinda, eða já berst fyrir mannréttindum úti um allan heim og hinsegin réttindi eru undir mannréttindum.

F: Er einhver ganga betri en önnur? Einhver sem þú manst sérstaklega eftir, eitthvað ár?

Nei ekkert endilega. Mér finnst síðustu þrjár göngur hafa verið í miklu uppáhaldi því að þá hef ég fengið að taka þátt í göngunni og öllum undirbúningnum og svona þannig að það var mjög skemmtilegt.

F: Hvaða nálgun hafið þið haft í þessum göngum Amnesty krakkarnir?

Hvernig þá?

F: Hvað hafið þið verið að tala um eða hvernig hafið þið gert þetta? Lýstu bara atriðinu ykkar.

Við höfum verið sem sagt, tekið oftast fyrir einhver ákveðin hinsegin mál hjá hinsegin fólki einhverstaðar þar sem að, já. Já við erum sem sagt að taka fyrir einhver ákveðin mál og gera þá skilti eða eitthvað svoleiðis sem að við setjum á pallinn og erum síðan með tjald niðri í Hljómskálagarði þar sem að herna tónleikarnir eru og þar söfnum við undirskriftum fyrir þetta ákveðna mál. Það safnast alltaf brjálæðislega mikið. Það safnast langmest á pride sko.

F: Já hvaða mál eru þetta? Geturðu nefnt eitt dæmi? Manstu hvað það var í fyrra?

Úff. Nei, ég man, man ekki alveg hvað var í fyrra en það var einhver, minnir að það hafi verið samkynhneigður maður og í einhverju austurlandi eða einhverju svoleiðis sem að var bara drepinn eða eitthvað svoleiðis fyrir það eitt að vera samkynhneigður. En ég man það ekki alveg, þori ekki að fara með það?

F: En heldurðu að, sko geturðu kannski aðeins talað um hvert vægi Gleðigöngunnar er fyrir hinsegin krakka eins og þig?

Vægi Gleðigöngunar fyrir hinsegin krakka held ég að sé bara, að sjá allt hinsegin fólkið einhvern veginn. Sjá það að þau eru ekki ein og það er til stuðningur og það er til fólk sem að er alveg eins og þykir vænt um einmitt þetta, eða hinsegin krakka, ég veit ekki hvernig ég á að orða það. Já. Vita það

að maður getur verið stoltur af sér og fengið að vera sýnilegur og fengið að fagna sér einhvern veginn. Já.

F: Viltu orða það aftur, segja það aftur bara? Þegar þú ert búinn að hugsa þetta, fara aðeins yfir þetta? Hvert vægið sé fyrir hinsegin krakka.

Vægi Gleðigöngunnar þá? Já vægi Gleðigöngunnar fyrir hinsegin krakka hugsa ég að sé bara svona að vita af því að, nei. Fokk, sorry, ég bara.

F: Þetta er bara mjög flott, gengur bara mjög vel hjá þér.

Ég veit ekki hvernig ég á að orða þetta sko.

HK: Skiptir þetta einhverju máli fyrir hinsegin krakka að sjá þessa göngu?

F: Skiptir þetta einhverju máli?

Já það gerir það sko. Gangan skiptir máli fyrir hinsegin krakka að því leyti að þau fá að sjá það að þau eru ekki ein og það er fólk sem er þarna sem er alveg eins og þau, það er stuðningur og þau fá að ganga þarna til að fagna sér, fagna fjölbreytileikanum með fólki sem að er nákvæmlega eins og þau. Eða svona (*hlær*). Æ, ég veit ekki hvernig ég á að orða þetta betur.

F: Þetta er bara mjög gott, þetta er bara frábært. En heldurðu að það sé nauðsynlegt að halda áfram að ganga?

Að sjálfsögðu. Það er nauðsynlegt að halda áfram að ganga. Bara upp á það að, ég úff. Nú þarf ég að hugsa sko.

F: Já allt í lagi. No stress.

No stress.

F: Finnst þér vera nauðsynlegt að halda áfram að ganga og afhverju?

Já mér finnst nauðsynlegt að halda áfram að ganga af því að það verður að halda áfram að sýna, bíddu, eitthvað svona pride-ið þú veist.

F: Stoltið?

Stoltið einmitt. Og ég er svo tómur allt í einu.

F: Já.

Ég veit ekki hvaðan þetta kemur (*hlær*).

F: Ekkert mál það er mjög skiljanlegt.

Nei bara þú veist að, ég veit ekki hvernig ég á að orða það mér finnst bara svo sjálfsagt að fólk haldi áfram að ganga einhvern veginn að það bara, væntanlega upp á skemmtun og upp á það að vera sýnileg alltaf einhvern veginn. Bara ekki gleyma því, það verður að halda áfram að sýna heiminum að við erum til og þetta er líka bara svo, upphaldsdagurinn hjá svo mörgum sko að fá að ganga í þessari göngu það er frekar fúlt að hún verði ekki í ár.

F: Heldurðu að þetta sé mikilvægt fyrir transsamfélagið?

Já, algerlega. Þetta er mikilvægt fyrir öll samfélög jú, þú veist innan hinsegin samfélagsins en jú þetta er líka mjög mikilvægt fyrir transsamfélagið því að það er minna sýnilegt t.d. en lesbíur og hommar og svona kynhneigð, kynvitund þarf einhvern veginn, mér finnst hún þurfa að stíga frammar af því að það er einhvern veginn allt miklu nýrra í augum samfélagsins heldur en kynhneigð. Þannig að já það er mjög mikilvægt að halda áfram að lyfta því upp einhvern veginn.

F: Varst þú orðinn meðvitaður um transsamfélagið sem sagt í göngunni áður en að þú tókst þitt skref?

Já. Ég var meðvitaður um transsamfélagið í göngunni áður en að ég tók mitt skref en það var einhvern veginn, það hvarflaði aldrei að mér að þetta væri eitthvað sem að, sem að ég væri eða ég veit ekki, já einhvern veginn svoleiðis, fyrr en að ég síðan fór að átta mig meira á hlutunum sjálfur, kafa dýpra.

F: Ein svona, manstu þegar að blöðrunum var sleppt?

Já ég man eftir því þegar blöðrunum var sleppt.

F: Hvernig upplifun var það?

Það var ótrúlega skemmtilegt, ég reyndar hugsaði ó nei þetta mun menga, þetta er kannski ekki sniðugt en það var samt svona, það var ákveðin upplifun bara mundi ég segja.

F: Allir að syngja Ég er eins og ég er.

Já, Já einmitt. Vá það er svo langt síðan að blöðrunum var sleppt síðast var það ekki?

F: Heyrðu frábært erum við ekki bara með fullt þarna? Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

HK: Já, hvað er það sem þú manst svona sterkast af þessu dóti frá því þú varst kannski lítill?

F: Hvað er svona sterkasta minningin?

Sterkasta minningin? Þær eru svo margar sko, náttúrulega Páll Óskar á öllum sínum pöllum og já, vá. Ég hugsa að mér finnist þær eftirminnilegastar núna síðustu þrjú árin af því að ég er búinn að taka svo stóran þátt í þeim en ég man samt líka bara svona einhvern veginn eftir því að hafa verið á háhest á pabba og horfa yfir allan hópinn og bara svona einhvern veginn sjá fólk dansa og syngja og allir vera svo glaðir, ég veit ekki, ég held að, þetta er allt eitthvað voða dýrmætt sko.

F: Frábært.

H: Hvaða máli skipti það fyrir þig þegar þú fórst að gera þér grein fyrir þínum aðstæðum?

Það skipti því máli bara að, að ég vissi að þarna var fólk, bara eins og ég sagði áðan, þarna er einhver sem að er eins og ég líka. Ég er ekki einn, það er fullt af fólki sem er að díla við það sama og það er fullt af fólki sem að er tilbúið að grípa og hlusta og passa upp á að allir einhvern veginn haldi hópinn. Það er fallett.

F: Algerlega.

H: Glæsilegt.